

Nd.

840. Breytingartillaga

[306. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá iðnaðarráðherra.

3. gr. orðist sem hér segir:

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtshrepps.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.